

8.maí 2025

**Guðmundur Ingi Kristinsson**  
**Ráðherra mennta- og barnamála**

**Efni: endurskoðun á frumvarpi til breytinga á lögum um framhaldsskóla**

Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) vill koma eftirfarandi atriðum á framfæri við ráðherra er varða frumvarp til breytinga á lögum um framhaldsskóla (nr.92/2008). Óskað er eftir að ráðherra taki þessi atriði til sérstakrar skoðunar.

Í 13. gr. frumvarpsins er tilgreind eftirfarandi breyting á 32.gr. laganna.

*„Við ákvörðun um innritun nemanda er heimilt að líta til sjónarmiða sem tengjast nemandanum, þ.m.t. námsárangurs úr grunnskóla og annarra upplýsinga sem nemandinn lætur skólanum í té, og sjónarmiða sem tengjast skólasamfélagi viðkomandi skóla, þ.m.t. sem miða að því að auka fjölbreytni í nemendahópnum.“*

SÍF vill koma því á framfæri að einkunnir skipta máli, en ítrekar að það sé ekki það eina sem skiptir máli, því félagsstörf og afreksíþróttir skipta líka miklu máli. SÍF hvetur framhaldsskóla til þess að líta til fleiri atriða en bara einkunna við val og innritun nemenda.

Í 14. gr. frumvarpsins er tilgreind eftirfarandi breyting á 33.gr. laganna. SÍF óskar eftir því að þessi setning verði umorðuð.

*“Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks í öllu því sem skólann varðar, **þar á meðal í starfi á vegum nemendafélaga framhaldsskóla**, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og samnemendur.”*

Fellt verði niður; „**þar á meðal í starfi á vegum nemendafélaga framhaldsskóla**“.

SÍF telur að þessi setning gangi lengra en þörf er á, hún sé heftandi fyrir stjórnir nemendafélaganna og sé hægt að misnota af skólastjórnendum. Það er mikilvægt fyrir nemendafélög að þau séu sjálfstæð hagsmunafélög. SÍF telur að 39.gr. laganna *Nemendafélög í framhaldsskólum* nái vel utan um starfsemi nemendafélaganna og óþarfi sé að bæta þessari setningu við í 33.gr.

Óskað er eftir að ráðherra taki þessi atriði til sérstakrar skoðunar. Stjórn SÍF er viljug að ræða þessi atriði betur við ráðherra.

Virðingarfyllt,  
Stjórn SÍF